

Nr.: STS-021	<b>Tækniskólinn</b>	
Útgáfa: 5.0		
Dags: 18.05.2020		
Eig: Vefstjóri	<b>Vefstefna</b>	
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

Vefstefnu Tækniskólans er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir vef- og samfélagsmiðla Tækniskólans. Vefstefnan á við um alla miðla sem skólinn tengist og fylgja þarf verkreglum í vefhandbók varðandi notkun á miðlum hans.

### Markmið

Markmið vefsíðu skólans er að vera upplýsingaveita og gefa skýra mynd af starfi skólans, bjóða upp á notendavæna þjónustu til nemenda, starfsmanna og annarra notenda. Vefurinn þjóni hlutverki sínu til miðlunar upplýsinga, um innri og ytri starfsemi með áherslu á gildi Tækniskólans.

Tækniskólinn nýtir samfélagsmiðla til að auka upplýsingaflæði og eiga í samskiptum við nemendur, starfsmenn og hollvini skólans með áherslu á kynningu á námi, námskeiðum og þjónustu. Allir vefir sem tengjast skólanum skulu vera auðkenndir með merki Tækniskólans.

### Áhersla - Leiðarljós

- **Fræðsla** – að allar upplýsingar um námsleiðir, námskeið og starfsemi Tækniskólans séu aðgengilegar
- **Þjónusta** - auðvelt að finna upplýsingar og sækja notendavæna þjónustu
- **Einfaldleiki** - að efni og framsetning á vef sé einföld
- **Gæði** – að efni sé uppfært reglulega og vefurinn birti ávallt nýjustu upplýsingar
- **Virkni** – að vefurinn virki óháð tækjum og tali við nýjustu og algengustu kerfi

### Aðgerðir og leiðir

Vefstefnu fylgir vefhandbók fyrir vefinn sem inniheldur m.a.:

- Ritstefnu
- Upplýsingar um ábyrgð og uppfærslu á efni miðlana
- Almennar verklags- og viðmiðunarreglur þ.m.t. ritstjórnarverklag og ábyrgð
- Leiðbeiningar um útlit og uppsetningu
- Tæknilegar leiðbeiningar

Verklag við vefinn sé samkvæmt vefhandbók og uppfærð vefhandbók skal ætíð vera aðgengileg starfsmönnum í gæðahandbók.

Í vefráði sitja fulltrúi stjórnenda, upplýsingadeildar, tölvu og tæknideildar og áfangastjórnar ásamt vefstjóra.